

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Afmælissjóð hins íslenska **123**
Bókmentafjelags, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 6. 6. okt.
október 1916.

Skipulagsskráin en þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Afmælissjóð hins íslenska Bókmentafjelags.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Afmælissjóður hins íslenska Bókmentafjelags, og er hann stofnaður af forseta Bókmentafjelagsins, Birni M. Olsen, á aldarafmæli fjelagsins 15. ágúst 1916, með stofnfje 1000 kr. (eitt þúsund krónum), er hann leggur til sjóðsins. Stofnfjeð má aldrei skerða.

2. gr.

Sjóðin skal ávaxta í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands. Að fimtíu árum liðnum frá þessu aldarafmæli, eða árið 1966, fellur öll upphæðin með vöxtum og vaxtavöxtum til útborgunar í hendur stjórn Bókmentafjelagsins, sem þá samstundis skal leggja aftur inn í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins hið upphaflega stofnfje, 1000 kr., með samskonar skilmálum, þannig að stofnfjeð ávaxtist næstu 50 árin, útborgist síðan með vöxtum og vaxtavöxtum árið 2016, þó svo að 1000 kr. sjeu þá jafnframt lagðar inn aftur með samskonar skilmálum til næstu 50 ára, og svo skal fara á hverjum 50 ára fresti, þannig að stofnfjeð rýrni aldrei, en vextir og vaxtavextir fyrir hver 50 ár komi til afnota Bókmentafjelaginu.

3. gr.

Sjóðurinn er eign hins íslenska Bókmentafjelags og stendur undir stjórn þess. Hún annast um að fá konunglega staðfesting á skipulagsskrá þessari. Reikning sjóðsins skal auglýsa árlega í tímariti því, er fjelagið gefur út, og í Stjórnartíðindunum.

4. gr.

Fje því, sem til afnota kemur úr sjóðnum á hverjum 50 ára fresti, skal stjórn Bókmentafjelagsins verja til einhvers þess fyrirtækis, sem líklegt er til að efla tilgang fjelagsins samkvæmt 1. gr. fjelagslaganna, svo sem til einhvers bókmentafyrirtækis, til útgáfu ritverks, eins eða fleiri, til verðlauna fyrir rit, eða einhvers þviliks, alt eftir því sem stjórninni þykir best henta í hvert skifti.

Reykjavík á aldarafmæli Bókmentafjelagsins, 15. ágúst 1916.

Björn M. Olsen.